

REGLUR UM ÚTHLUTUN ÍBÚÐA BÚSETA Á Norðurlandi hsf

A: Úthlutun íbúða til félagsmanna sem ekki hafa áður fengið íbúð hjá félaginu

1. Félagsmenn skulu við úthlutun íbúða njóta forgangs í samræmi við félagsnúmer sitt þó með eftirfarandi takmörkunum:
 - a. Við úthlutun félagslegra íbúða skulu gilda reglur félagsmálaráðuneytisins um tekju- og eignamörk eins og þau eru reiknuð hverju sinni.
 - b. Við úthlutun félagslegra íbúða er félaginu heimilt að líta sérstaklega til þeirra atriða sem upp eru talin í 16. gr. reglugerðar nr 423/1999 svo og undanþáguheimilda sem fram koma í 17. gr. sömu reglugerðar.
 - c. Við úthlutun svokallaðra almennra íbúða skulu einnig gilda þær reglur sem Íbúðalánasjóður/félagsmálaráðuneytið hefur sett eða mun setja um eignamörk eftir því sem við á.
 - d. Meginregla skal vera sú að íbúð sem félagsmaður fær úthlutað megi telja einu herbergi fleira en fjölskyldustærð umsækjanda telur. Einstaklingur getur þó án undantekninga gengið að því vísu að fá úthlutað 3ja herbergja íbúð hjá félaginu.
 - e. Við þær aðstæður þegar félagið annar eftirspurn **eftir nýjum íbúðum** – og ekki eru fleiri umsækjendur um einstakar íbúðir – er ekki spurt um fjölskyldustærð við úthlutun íbúða félagsins.

B: Úthlutun íbúða til félagsmanna sem óska flutnings

1. Þeir félagsmenn sem óska flutnings milli íbúða félagsins skulu njóta þess forgangs sem félagsnúmer þeirra kveður á um með eftirfarandi takmörkunum:
 - a. Ef um er að ræða umsókn um félagslega íbúð skal umsækjandi uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk.
 - b. Óski búseti eftir flutningi milli **sambærilegra** íbúða skal hann gera grein fyrir af hverju hann vill skipta og metur framkvæmdastjóri slíka umsókn og vísar henni til stjórnar ef málefnalegar ástæður fyrir flutningnum liggja ekki í augum uppi.
 - c. Búseti sem færir sig milli íbúða greiðir kaup- og sölugjald, samkvæmt gjaldskrá Búseta á Norðurlandi hverju sinni.

Stjórn Búseta á Norðurlandi _____ 2007